


Hvalfjarðarsveit  
Laufey Jóhannsdóttir,  
sveitarstjóri  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. nóvember 2011  
Tilvísun: UST20111100175/ksj

## Deiliskipulag Grundartangi

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis/hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á vestursvæði Grundartanga.

Eftir breytingu er tillaga um að á skipulagssvæðinu verði gert ráð fyrir 46 lóðum sem allar eru ætlaðar fyrir hafnsækna starfsemi. Lóðastærðir eru á bilinu 1.978 m<sup>2</sup> til 31.540 m<sup>2</sup>.

9 lóðir eru ætlaðar fyrir iðnaðarstarfsemi svo sem ýmis konar endur- og úrvinnslu úr verksmiðjum á nærliggjandi iðnaðarsvæði. Í greinargerð kemur fram að um uppbyggingu á iðnaðarlóðum gilda strangir skilmálar sem m.a. varða eðli þeirrar starfsemi sem þar á heima, kröfur um mengunarvarnarbúnað, umhverfisstefnu Faxaflóahafna og meðferð lóðaumsókna. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á iðnaðarsvæðum fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðarstöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang.

Skipulagssvæðið er alls 85 ha, þar af er iðnaðarsvæðið tæpir 7 ha. Skipulagssvæðið er innan skilgreindar þynningarvæðis stóriðjunnar að Grundartanga.

Skipulagssvæðið afmarkast af lóð Elkem Ísland til norð-austurs, opnu hafi/sjó (hafnarbakka) til austurs, landamerkjum Klafastaðalands og Galtalækjar til suðurs og Grundartangavegi til vesturs. Hluti skipulagssvæðisins er á 10 ha fyllingu, sem er mynduð af kerbrotagryfju.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Grundartanga

### Landfylling

Umhverfisstofnun bendir á að þegar 10 ha landfylling á hafnarsvæði Grundartangahafnar kom til umsagnar Umhverfisstofnunar sem framkvæmd, sem skv. 2. viðauka laga nr.



106/2000 sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum, kom ekki fram í umfjöllun framkvæmdaaðila um landfyllinguna að fyllingin væri flæðigryfja fyrir kerbrot.

### **Endurvinnsla á álgjalli og stáli**

Fram kemur í umhverfisskýrslu að ofangreind skipulagsáætlun tekur m.a. til lóðarinnar Klafastaðavegur nr. 4, fyrir endurvinnslu á álgjalli og álbrotum og er lóðin staðsett á iðnaðarsvæði. Endurvinnsla á álgjalli er tilkynningaskyld starfsemi til Skipulagsstofnunar enda fellur slík vinnsla undir lið 4d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Einnig kemur fram að áætluð starfsemi á Grundartanga hafi verið tilkynnt, og var niðurstaða Skipulagsstofnunar að starfsemin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Í ljósi umræðu um dioxín og dioxínmengun vill Umhverfisstofnun benda á að við vissar aðferðir sem notaðar eru við vinnslu álgjalls geta skapast þær aðstæður að það myndist dioxín. Því vill stofnunin benda á að til þess geti komið að gera þurfi ráð fyrir hreinsun á slíkum útblæstri, eða að sett verði skilyrði varðandi aðferðir við vinnslu álgjalls.

### **Flæði- og kerbrotagryfja**

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að athuga hvort flæðigryfjan eigi með réttu að teljast förgunarsvæði eða iðnaðarsvæði frekar en hafnarsvæði. Þetta er rétt að hafa í huga í ljósi þess að stofnunin áformar að endurmetsa hvort rekstur flæðigryfju eigi að vera í samhengi við starsleyfi Norðuráls og Elkem eða hvort réttara væri að hafa þann hátt á að gefa út sérstakt starsleyfi fyrir rekstur flæðigryfju.

Í skýrslu frá SINTEF útgefin árið 2000 er einkum gert ráð fyrir að losni leysanleg cýaníð, flúoríð og þungmálmrar í sjó, frá kerbrotagryfjum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fylgst sé með styrk þeirra efna sem koma til með að losna út í umhverfið frá gryfjunum, enda hafa vöktunaráætlanir Norðuráls og Elkem kveðið á um það.

### **Starfsemi háð mati á umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í greinargerð er gert ráð fyrir að starfsemi sem ekki er háð mati á umhverfisáhrifum sé lítt mengandi starfsemi. Að mati Umhverfisstofnunar er slíkt einföldun á umfjöllun um mengandi starfsemi. Ef allir þættir starfsemi eru þekktir og þar með vætanleg umhverfisáhrif hennar, þá er ekki þörf á að starfsemin fari í mat á umhverfisáhrifum óháð því hversu mengandi hún er. Tilgangur laganna um mat á umhverfisáhrifum er fyrst og fremst sá að taka upplýstar ákvarðanir þegar kemur að framkvæmdum og áhrifum þeirra á umhverfið.

### **Skógrækt**

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um skógrækt til mildunar í nágrenni svo mikils iðnaðarsvæðis sem Grundartangi er. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem asparræktun er orðin vel sýnileg á þessu svæði, að til að forðast einsleitni við ræktunina er mikilvægt að nýta einnig íslenskar tegundir s.s. birki, og reyni að einhverju leyti við ræktunina.




## Niðurstaða

Með breyttu deiliskipulagi á Grundartanga, með auknu iðnaðarsvæði og auknu athafnasvæði er ljóst að verið er að bæta enn frekar við losun mengandi efna á svæðinu, þó svo að losun þeirrar starfsemi sem áætluð er á nýjum iðnaðar og athafnasvæðum sé lítil miðað við sambærilega losun þeirrar starfsemi sem fyrir er á Grundartanga.


Á því deiliskipulagi sem hér er til umsagnar er gert ráð fyrir flæði- og kerbrotagryfju sem er alls 10 ha. Umhverfisstofnun bendir á að þegar sú landfylling sem verður, er kerbrotagryfja fyllist, var til umsagnar sem framkvæmd, sem skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum, kom ekkert fram í erindi framkvæmdaraðila um að landfyllingen væri flæðigryfja fyrir kerbrot.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir aðalskipulags Hvalfjarðar um að bestu fáanlegu tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum á Grundartanga. Gæta þarf að aðferðum og/eða mengunarvörnum vegna mögulegrar díoxínmengunar í fyrirhugaðri endurvinnslu á álgjalli.

Virðingarfyllst



Ádalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir

Skipulagsstofnun

